

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 275/1997.

Kynnisferðir sf.

(Jakob R. Möller hrl.)

gegn

Sigurði Flygenring

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

Kjarasamningur. Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir ágreiningsefnum málsaðila. Eru þau tvenns konar og verða bæði rakin til kjarasamnings, sem gerður var 31. maí 1995 milli Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, sem var stéttarfélag stefnda, og Vinnuveitendasambands Íslands fyrir hönd þar til greindra viðsemjenda, en meðal þeirra var áfrýjandi málsins.

Fyrri atriðið lýtur að ákvæði í 2. grein hins nýja kjarasamnings, sem tekið er upp orðrétt í héraðsdómi. Telur áfrýjandi, að með heimild í því hafi hann mátt fækka óunnum yfirvinnustundum, sem stefnda voru áður greiddar, úr þrjátíu í tuttugu með þeim hætti, sem hann gerði. Með því sé að nokkru fylgt því ákvæði samningsins, að nýir launataxtar eigi ekki að leiða til hækkunar launa umfram það, sem felist í samningnum. Að því leyti gildi hið sama um þennan kjarasamning og aðra kjarasamninga, sem gerðir voru við stærstu stéttarfélögin innan Alþýðusambands Íslands í febrúar á sama ári, að með þeim hafi launataxtar verið færðir nær þeim launum, sem tíðkast hafi.

Lagður hefur verið fram í málinu kjarasamningur Samiðnar, sambands iðnfélaga, og Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. frá 21. febrúar 1995. Er ljóst, að umþrætt ákvæði í kjarasamningi Sleipnis

frá 31. maí 1995 er ekki eins og það ákvæði í kjarasamningi Samiðnar, sem áfrýjandi telur vera fyrirmynd síðari samningsins og sama efnis. Er ákvæðið í kjarasamningi Samiðnar mun ýtarlegra. Hefur það meðal annars að geyma skýrar yfirlýsingar um, að taxtabreytingar verði ekki til þess, að þau laun hækki, sem ákveðin hafi verið sem yfirborgun, og að yfirborgun lækki þá á móti taxtahækkun, þó þannig, að eftir standi 2.700 króna hækkun fastra mánaðarlauna. Þessa er hins vegar í engu getið í kjarasamningi Sleipnis.

Formaður stéttarfélags stefnda gaf skýrslu fyrir dómi. Kom fram, að hann var ósamþykkur túlkun áfrýjanda á samningsákvæðinu. Hið sama gildi um vitnið Inga Jón Sverrisson, sem tók þátt í gerð kjarasamningsins í samninganefnd bifreiðarstjóra. Kvað hann viðsemjendur þeirra hafa við lok samningsviðræðna reynt að fá samþykkt ákvæði um, að heimilt væri að taka til baka bónusgreiðslur og yfirborganir á móti taxtahækkun samningsins. Þessu hafi verið hafnað og litlu munað, að slitnaði upp úr viðræðum vegna þessa ágreinings. Um þetta hafi síðan samist með þeim hætti, að um það bil helmingur af þeim samningstexta, sem viðsemjendur bifreiðarstjóra hafi komið með varðandi þetta atriði, hafi verið tekinn í kjarasamninginn.

Í 1. gr. kjarasamnings Sleipnis og viðsemjenda félagsins segir, að síðast gildandi kjarasamningur aðila sé framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningi þessum felist. Í eldri kjarasamningi félagsins var ákvæði í grein 1.8.4. þess efnis, að hafi bifreiðarstjóri hærri kaup eða frekari hlunnindi en samningurinn ákveði, skuli þau hlunnindi haldast óbreytt. Með kjarasamningnum 31. maí 1995 var ekki hróflað við þessu ákvæði, og gildi það því áfram óbreytt.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður ekki fallist á með áfrýjanda, að í kjarasamningnum hafi falist heimild til að fella fyrirvaralaust niður hluta óunninna yfirvinnustunda, sem voru áður hluti launa stefnda. Engin sönnun hefur verið færð fram í málinu þess efnis, að um hafi verið að ræða greiðslur, sem háðar væru afkomu félagsins á hverjum tíma og að stefnda og öðrum bifreiðarstjórum hafi verið gerð grein fyrir því. Verður niðurstaða héraðsdóms um þennan þátt málsins því staðfest.

II.

Annar þáttur ágreinings málsaðila vegna áðurgreinds kjarasamnings lýtur að ákvæði í 7. grein hans um greiðslur fyrir svokallaða neyslutíma. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður niðurstaða hans um þann þátt málsins staðfest.

Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu, og samkvæmt öllu framansögðu verður héraðsdómur því staðfestur. Áfrýjandi skal greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kynnisferðir sf., greiði stefnda, Sigurði Flygenring, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 21. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Flygenring, Miðvangi 4, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 21. mars 1996, á hendur Kynnisferðum sf., Vesturvör 6, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 48.010 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 8.383 kr. frá 1. 7. 1995 til 1. 8. s. á., en af 19.013 kr. frá þeim degi til 1. 9. s. á., en af 29.643 kr. frá þeim degi til 1. 10. s. á., en af 39.140 kr. frá þeim degi til 1. 11. s. á., en af 48.010 kr. frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að ársvextir taki breytingum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987. Þá er gerð krafa um málskostnað samkvæmt gjaldskrá Löggarðs hf. ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

II.

Gangur málsins.

Stefndi skilaði greinargerð 9. maí 1996, og fór málið þá út af hinu reglulega dómþingi. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 1. júní s. á. Gagnaöflun var lýst lokið 21. sama mánaðar, og var málinu frestað til aðalflutnings til 5. desember s. á. Að loknum aðalflutningi þann dag var málið dómtekið. Með úrskurði, upp kveðnum 17. desember s. á., var málinu vísað frá dómi ex officio. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar með kæru,

dags. 18. desember s. á. Með dómi Hæstaréttar, dags. 8. janúar sl., var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

III.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi var bílstjóri hjá stefnda, Kynnisferðum sf. Hann er enn fremur félagslegur trúnaðarmaður stéttarfélags síns, Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, á vinnustað sínum.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að nýir kjarasamningar hafi verið gerðir milli Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. hins vegar 31. maí 1995. Stefndi hafi eftir gildistöku samningsins ekki greitt félagsmönnum Sleipnis, sem hjá honum unnu, laun í samræmi við þau ráðningarkjör, sem bílstjórar hafi verið ráðnir á í ljósi hins nýja samnings. Annars vegar sé um að ræða fasta yfirvinnu samkvæmt ráðningarsamningi, sem stefndi hafi einhliða skert í kjölfar kjarasamnings, og hins vegar hafi stefndi ekki greitt vaktavinnuönnum fimm viðbótar mínútur á hvern unninn tíma í yfirvinnu eða aukavakt vegna neyslutíma, sem um hafi verið samið í hinum nýja kjarasamningi.

1. Bifreiðastjórum Kynnisferða hafi um árábil verið greiddur bónus ofan á fast kaup, sem sé hluti ráðningarkjara þeirra. Hafi bónus þessi numið 30 yfirvinnutímum á mánuði.

Í nýgerðum kjarasamningi Sleipnis og VSÍ hafi meðal annars verið samið um hækkun á launatöxtum. Eftir gildistöku kjarasamningsins hafi stefndi einhliða lækkað bónusgreiðslur úr 30 yfirvinnutímum á mánuði í 20 yfirvinnutíma. Hafi hann gert þetta, þrátt fyrir það að stefnandi hafi margsinnis bent á ákvæði í kjarasamningi aðila í gr. 1.8.4 um, að hafi bifreiðastjóri herra kaup eða frekari hlunnindi en samningur ákveði, skuli þau hlunnindi haldast óbreytt.

2. Í nýgerðum kjarasamningi hafi verið samið um breytingar á gr. 2.1.2, sem fjalli um vaktavinnu. Þar segi, að þeir bifreiðastjórar, sem vinni á vöktum og hafi ekki sérstaka kaffitíma, skuli til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu fá í stað neyslutíma 35 mínútur aukalega umfram raunverulega viðveru fyrir hverja átta klst. vakt. Vinni vaktamenn yfirvinnu eða aukavakt, skuli til viðbótar unnum tíma greiða fimm mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma sem hlutfallsgreiðslu fyrir neyslutíma. Ekki sé um það deilt, að stefndi fullnægi fyrra skilyrði þessa ákvæðis og greiði vaktavinnuönnum sem nemi 35 mínútum aukalega umfram raunverulega viðveru fyrir hverja átta klst. vakt. Hins vegar hafi hann ekki greitt þær fimm mínútur til

viðbótar fyrir hvern fullan unninn klukkutíma vegna yfirvinnu eða auka-
vaktar, sem hér hafi verið samið um.

Sú ákvörðun hafi verið tekin af Bifreiðastjórafélaginu Sleipni, að höfðað
yrði mál til innheimtu kröfu fyrir einn starfsmann stefnda, en skerðingin
nái hins vegar til allra starfsmanna félagsins á þessum vinnustað.

Dómkrafan, 48.010 kr., sé samtala skuldar stefnda við stefnanda frá júní
1995 út október sama ár, annars vegar það, sem á bónusgreiðslur hafi vant-
að samkvæmt útreikningi þar um, og hins vegar þær fimm mínútur, sem
vangreiddar séu fyrir hvern yfirvinnutíma og aukavinnutíma. Vegna yfir-
vinnunnar sé krafist 10,17% orlofs. Uppgjörsmánuður sé frá og með 25.
hvers mánaðar. Júnímánuður sé ekki fullur uppgjörsmánuður vegna verk-
falls Sleipnis.

Stefnandi sundurliðar dómkröfuna þannig:

Júní 1995: Bónus 8,1 t @ 685/41	kr.	5.552		
Yfirvinna (45 klst.) 3,75 @ 685/41	–	2.570		
10,17% orlof af 2.570 kr.	–	261	kr.	8.383
Júlí 1995: Bónus 10 t @ 685/41	kr.	6.854		
Yfirvinna (60 klst.) 5 t @ 685/41	–	3.427		
10,17% orlof af 3.427 kr.	–	349	kr.	10.630
Ágúst 1995: Bónus 10 t @ 685/41	kr.	6.854		
Yfirvinna (60 klst.) 5 t @ 685/41	–	3.427		
10,17% orlof af 3.427 kr.	–	349	kr.	10.630
September 1995: Bónus 10 t @ 685/41	kr.	6.854		
Yfirvinna (42 klst.) 3,5 t @ 685/41	–	2.399		
10,17% orlof af 2.399 kr.	–	244	kr.	9.497
Október 1995: Bónus 10 t @ 685/41	kr.	6.854		
Yfirvinna (32 klst.) 2,67 t @ 685/41	–	1.830		
10,17% orlof af 1.830 kr.	–	186	kr.	8.870
			Samtals	kr. 48.010

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður kröfu um leiðréttingu launa studda almennum reglum
samningaréttarins og vinnuréttarins, m. a. 1. gr. 1. nr. 55/1980 um starfskjör
launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda í kjarasamningum aðila og
ráðningarsamningum starfsmanna.

Milli stefnanda máls þessa og stefnda sé í gildi ráðningarsamningur, sem kveði á um, að stefndi greiði stefnanda mánaðarlegan bónus, 30 yfirvinnutíma á mánuði. Sé þetta greiðsla, sem óumdeilt sé, að sé umfram kjarasamninga. Í 2. gr. kjarasamningsins séu birtir nýir launataxtar. Undir þeim segi síðan:

„Ofangreindir launataxtar eru samræmdir lágmarkstaxtar Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis. Breytingin felur í sér, að taxtarnir eru færðir nær þeim launum, sem tíðkast. Samningsaðilar eru sammála um, að hinir nýju launataxtar eigi ekki undir neinum kringumstæðum að leiða til hækkunar launa umfram það, sem felst í samningi þessum. Samræmdir launataxtar skulu ekki undir neinum kringumstæðum leiða til lækkunar launa.“

Eins og ákvæði þetta sé orðað, geti það ekki gefið stefnda máls þessa einhliða rétt til að fella niður 10 tíma í bónus, þar sem bónus sé hluti af umsömdum ráðningarkjörum stefnanda.

Í kjarasamningi aðila, gr. 1.8.4, segi beinlínis, hvernig með skuli fara, hafi bifreiðastjóri frekari hlunnindi en kjarasamningur segi til um. Þar segi svo: „Hafi bifreiðastjóri hærra kaup eða frekari hlunnindi en samningur þessi ákveður, skulu þau hlunnindi haldast óbreytt.“ Einhliða og fyrirvaralaus skerðing stefnda á umsömdum bónus hafi því verið brot á þessu ákvæði kjarasamningsins.

Stefnandi hafi ekki sagt ráðningarsamningi aðila upp, og því hafi hann verið áfram bundinn af þessu atriði ráðningarsamningsins eftir gerð kjarasamninganna. Hafi stefndi talið, að laun stefnanda væru of há eftir gerð kjarasamnings, hefði hann orðið að segja upp ráðningarsamningi og endursenja við starfsmenn sína um lækkun á bónusgreiðslum. Slíkt hafi ekki verið gert, og sé hann því bundinn af ráðningarsamningi, að því er snerti bónus, sem nemi 30 yfirvinnutímum á mánuði.

Í nýgerðum kjarasamningi aðila hafi orðið að samkomulagi, að vinni bifreiðastjórar á vöktum og hafi ekki sérstaka kaffitíma, skuli þeir til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu fá í stað neyslutíma 35 mínútur aukalega umfram raunverulega viðveru fyrir hverja átta klst. vakt. Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skuli til viðbótar unnum tíma greiða fimm mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma sem hlutfallsgreiðslu fyrir neyslutíma. Stefndi hafi ekki greitt stefnanda þessa viðbótargreiðslu samkvæmt þessu ákvæði. Ekki sé sett fram krafa um 35 mínúturnar, þar sem það sé túlkun Sleipnis og trúnaðarmanns stefnda, að 35 mínútna neyslutími sé innifalinn í því vaktarálagi, sem greitt sé hjá stefnda, sbr. bréf Sleipnis, dags. 12. 2. 1996.

Krafa um orlof byggist á orlofslögum nr. 30/1987 svo og kjarasamningum, en stefnandi máls þessa hafi 10,17% orlof.

Krafa um greiðslu dráttarvaxta er reist á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gerð er krafa um greiðslu dráttarvaxta einstakra liða frá gjalddaga launa.

Krafa um málskostnað er studd 129. og 130. gr. l. nr. 91/1991.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður stefnanda hafa notið sömu ráðningarkjara hjá stefnda og aðra bifreiðastjóra hans. Um launakjör hafi farið samkvæmt kjarasamningi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis og Vinnuveitendasambands Íslands. Því til viðbótar hafi verið greiddur sérstakur bónus, þannig, að laun bifreiðastjóranna, þar á meðal stefnanda, hafi verið hærri en lágmarkstaxtar kjarasamningsins sögðu til um. Bónusgreiðslur séu breytilegar, háðar afkomu fyrirtækisins, og hafi það verið margtekið fram við bifreiðastjóra stefnda. Bónusgreiðslurnar hafi þannig ýmist samsvarað 20 eða 30 yfirvinnutímum á mánuði eftir afkomu stefnda, þó að ekki hafi komið til slíkra breytinga á starfstíma stefnanda. Í upphafi árs 1995 hafi þær samsvarað 30 yfirvinnutímum á mánuði.

Breyting hafi orðið á því í kjölfar kjarasamnings Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, sem undirritaður var 31. maí 1995. Með samningnum hafi laun verið hækkuð með sama hætti og gert hafi verið með kjarasamningum landsambanda ASÍ við VSI í febrúar 1995, jafnframt því, sem farin hafi verið sú leið að færa lágmarkslaunataxta nær greiddu kaupi með hliðstæðum hætti og gert hafi verið með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands, að því er varði byggingaverkamenn, og kjarasamningi Samiðnar varðandi iðnaðarmenn. Ekki skyldi koma til neinna launahækkana þeirra, sem herra voru launaðir, umfram það, sem almennar launahækkanir fælu í sér. Samningurinn hafi því falið í sér, að launataxtinn hækkaði og yfirborgunin lækkaði, þótt ekki væri dregið jafnmikið úr bónusgreiðslum stefnanda og samningurinn leyfði. Mánaðarlaun hans hafi þannig hækkað um 10.570 kr., 10,76%, sem sé langt umfram það, er almennt gerðist, sbr. dskj. nr. 17.

Með fyrrgreindum kjarasamningi hafi jafnframt verið samið um sérstakar greiðslur vegna neyslutíma. Ákveðið hafi verið, að bifreiðastjórar, sem vinni á vöktum og hafi ekki sérstaka kaffitíma, skuli til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu fá í stað neyslutíma 35 mínútur aukalega umfram viðveru fyrir hverja átta tíma vakt. Í yfirvinnu skuli til viðbótar unnum tíma greiða fimm mínútur fyrir hverja unna fulla klukkustund sem hlutfallsgreiðslu fyrir neyslutíma. Hafi með því verið komið til móts við þarfir þeirra fyrirtækja, þar sem starfsemi sé með þeim hætti, að örðugt sé að veita kaffihlé. Hlutfallsgreiðsla hafi getað komið í stað þess, að hlé væru veitt.

Stefnandi sem og aðrir bifreiðastjórar stefnda hafi ævinlega átt þess kost að taka hlé frá vinnu, og hafi þeir haft næg tækifæri til neyslu matar og kaffihressingar. Þeir hafi því ekki fengið greiðslur vegna neyslutíma, hvorki 35 mínútur á vakt né fimm mínútur vegna yfirvinnutíma.

Málsástæður stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi engan rétt til frekari greiðslna, hvorki samkvæmt kjarasamningi né ráðningarsamningi.

Sýknukrafa stefnda er við það miðuð, að með kjarasamningi Bifreiðastjórufélagsins Sleipnis hafi verið samið um sömu almennar launahækkanir og í kjarasamningum landssambanda ASÍ, sbr. samninginn á dskj. nr. 3, 1. og 2. mgr. 2. gr., jafnframt því, sem lágmarkslaunataxtar félagsins hafi verið færðir nær þeim launum, sem tíðkist. Eins og skýrt sé tekið fram í samningnum, hafi samningsaðilar verið sammála um, að hinir nýju launataxtar eigi ekki undir neinum kringumstæðum að leiða til hækkunar launa umfram það, sem felist í samningnum, sbr. 3. mgr. 2. gr. Kjarasamningurinn hafi því breytt samsetningu launa stefnanda þannig, að bónusgreiðslan lækkaði samfara hækkun á taxtakaupinu. Á grundvelli kjarasamningsins hafi stefnda því ótvírætt verið heimilt að lækka bónusgreiðslur stefnanda í 20 yfirvinnutíma á mánuði, sbr. útreikning á dskj. nr. 17.

Fyrirgreind 2. gr. kjarasamningsins gangi framur gr. 1.8.4 í eldri samningi Bifreiðastjórufélagsins Sleipnis. Launaútreikningur stefnda hvíli, sem fyrir greini, á ákvæðum 2. gr. kjarasamnings félagsins frá 31. maí 1995. Eldri samningsákvæði um, að hærri kaup eða frekari hlunnindi en sá samningur kveði á um skuli haldast óbreytt, hafi þar ekki áhrif. Stefnandi geti því ekki reist rétt á ákvæði gr. 1.8.4.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 3 sé réttur til greiðslu fimm mínútna vegna neyslutíma í yfirvinnu bundinn við, að slíkt hlé hafi ekki verið veitt. Sú niðurstaða eigi sér beina stoð í orðalagi ákvæðisins, þar sem talað sé um hlutfallslega greiðslu fyrir neyslutíma. Sama greiðsluregla gildi að þessu leyti og um dagvinnu, enda skýrt tekið fram, að þessar aukamínútur skuli til viðbótar unnum tíma greiddar fyrir hvern fullan unninn klukkutíma. Stefnandi hafi ætíð átt kost á neyslhléum og eigi því ekki rétt til greiðslna vegna þeirra.

Þá sé því einnig fram haldið af hálfu stefnda, að þegar litið sé til heildarlaunakjara stefnanda, geti hann ekki átt frekari kröfur á hendur stefnda.

Stefndi vísar um málskostnað til XXI. kafla l. nr. 91/1991, 129. og 130. gr.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Er annars vegar deilt um bónusgreiðslur, en hins vegar um greiðslur fyrir neyslutíma. Ágreiningur er ekki um fjárhæðir. Verður fyrst vikið að fyrra ágreiningsatriðinu.

Bónusgreiðslur.

Óumdeilt er, að bónusgreiðslur stefnanda voru samkvæmt sérsamningi hans við vinnuveitanda sinn umfram þau kjör, sem honum voru mörkuð með kjarasamningi, sem í gildi var þá. Eftir gerð hins nýja kjarasamnings hélst óbreytt ákvæði úr eldri samningi í tl. 1.8.4, svohljóðandi: „Hafi bifreiðastjóri herra kaup eða frekari hlunnindi en samningur þessi ákveður, skulu þau hlunnindi haldast óbreytt.“ Er ljóst, að með ákvæði þessu hefur kjarasamningi aðildarfélaganna aldrei verið ætlað að taka til sérráðningarkjara einstakra félagsmanna, sem falla utan kjarasamnings, og er enda ekki fallist á, að unnt sé með heildarkjarasamningi að ógilda samninga, sem hvíla á sérstökum ráðningarkjörum, en falla ekki undir ákvæði heildarkjarasamnings. Ósannað er, að bónusgreiðslur hafi verið breytilegar og háðar afkomu fyrirtækisins, og hefur þeirri staðhæfingu stefnanda fyrir dómi ekki verið hnekk, að bónusinn hafi verið óbreyttur frá árinu 1994, 30 klst. á mánuði. Er því ekki fallist á, að stefndi geti einhliða skert þær greiðslur. Ber því að fallast á kröfur stefnanda um þennan kröfulið.

Neyslutími.

Í hinum umdeilda kjarasamningi er kveðið á um, að bifreiðastjórar, sem vinni á vöktum og hafi ekki sérstaka kaffitíma, skuli til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu fá í stað neyslutíma 35 mínútur aukalega umfram raunverulega viðveru fyrir hverja átta klst. vakt. Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skuli til viðbótar unnum tíma greiða fimm mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma sem hlutfallsgreiðslu fyrir neyslutíma.

Það er síðara atriði framangreinds ákvæðis, sem aðila greinir á um. Ákvæði þetta verður að túlka með hliðsjón af fyrri hluta greinarinnar, þ. e., að greiðslan skuli koma til þeirra starfsmanna, sem ekki hafa sérstaka kaffitíma, enda virðist ekki ágreiningur um það með aðilum.

Í málinu er upplýst, að stefnandi vinnur óreglulega vaktavinnu, þar sem fyrir kemur, að hann hefur allgóð hlé milli vinnutarna, en einnig getur staðið þannig á, að hann hefur engin hlé. Er ekki fallist á, að jafna megi slíkum tilviljanakenndum hléum til „sérstakra kaffitíma“ í skilningi kjarasamningsins. Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda máls-

kostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 70.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið litið til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kynnisferðir sf., greiði stefnanda, Sigurði Flygenring, 48.010 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 8.383 kr. frá 1. 7. 1995 til 1. 8. s. á., af 19.013 kr. frá þeim degi til 1. 9. s. á., af 29.643 kr. frá þeim degi til 1. 10. s. á., af 39.140 kr. frá þeim degi til 1. 11. s. á. og af 48.010 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 70.000 kr. í málskostnað.
